

Fundur í Betadeild 26. september 2006
haldinn á heimili Guðrúnar Björnsdóttur í Reykjahverfi

Dagskrá fundar:

1. Setning fundar
2. Inntaka nýrra félaga
3. Fundargerð síðasta fundar: Selma Hauksdóttir
4. Orð til umhugsunar: Halldóra Haraldsdóttir
5. Umræða um vetrarstarfið
6. Frá framkvæmdaráðsfundi
7. Önnur mál
8. Hapdrætti og kaffi

1. María Steingrímsdóttir, nýr formaður deildarinnar, setti fundinn og bar kveðjur frá fjarstöddum konum.
2. Inntaka nýrra félaga. Erna Hildur Gunnarsdóttir og Þorgerður Sigurðardóttir gengu í Betadeild.
3. Fundargerð síðasta fundar var lesin og samþykkt.
4. Orð til umhugsunar. María fylgdi þessum lið úr hlaði og minnti á að síðasta vetur hefði verið ákveðið að kynna merkar konur á Eyjafjarðarsvæðinu og verður því nú fram haldið. Halldóra tók við, en byrjaði á því að afhenda Maríu formanni formannsnælu. Halldóra fjallaði síðan um Björgu Einarsdóttur f. 1716, betur þekkt sem Látra-Björg. Björg bar að mörgu leyti svip af þeirri mikilúðlegu náttúru sem hún bjó við, var svipmikil og forn í skapi og auk þess talin kraftaskáld.
5. Vetrarstarfið. Mikið er framundan í starfi deildarinnar. Ný stjórn hefur gert tveggja ára áætlun sem hefur að meginþema stefnur og strauma í skólamálum. María dreifði drögum að dagskrá vetrarins og kynnti þau, en síðan var gefið matarhlé og veitingum Guðrúnar, Hönnu og Mögnu gerð góð skil. Umræður héldu síðan áfram, dagskrárdrög voru samþykkt og fundarstaðir fundnir fyrir flesta fundi. Samþykkt var að deildin myndi heiðra konu í tilefni af 30 ára afmæli Betadeildar. Lagt var til að fundartími yrði færður fram til 19 og var það samþykkt einróma. Dagskráin verður sett á heimasíðu deildarinnar á vef samtakanna, sem Eygló kynnti stuttlega, en hún hefur unnið að því máli á vegum Landsambandsins. Lagðir voru fram listar yfir kaffinefndir vetrarins. Ákveðið var að tríóin héldu áfram óbreytt. Í umræðunum um afmæli deildarinnar komu fram hugmyndir um að fara t.d. út að borða á afmælisfundinum, eða bjóða annarri deild í heimsókn.
6. Frá framkvæmdaráðsfundi. María sagði fréttir frá framkvæmdaráði. M.a. var sagt frá vel skipulögðu alþjóðaþingi DKG sem haldið var í sumar, þar sem fyrsti kvengeimfarinn var heiðraður. Evrópuþing verður haldið í Bretlandi 1. – 4. ágúst 2007 og eru konur sérstaklega hvattar til að taka þátt í því. 30 ára afmæli Landsambandsins verður haldið hátíðlegt á Landsambandsþingi í Reykholti 5. – 6. maí 2007. María greindi frá helstu hugmyndum um afmælishaldið. Halda á sögusýningu með þátttöku deildanna þar sem kynnt yrðu merk gögn úr ferli

hverrar deildar. Hver deild fær síðan 7 mín. til að setja á svið minningabrot deildarinnar. Lagt er til að 2 – 3 konur úr hverri deild sjái um hvort verkefni fyrir sig. Í tilefni af afmælinu verða einnig veitt verðlaun fyrir listsköpun og styrkir til þróunarverkefna. Ráðstefnugjald með mat og gistingu í eina nótt í Reykholti verður u.þ.b. kr. 12.000. María lýsti yfir vilja til að óska eftir við Landsambandið að hugað yrði að þörfum þeirra kvenna sem langt eiga að sækja og boðið yrði líka upp á gistingu í tvær nætur.

7. Önnur mál.

Jóhanna gjaldkeri fjallaði um fjárhagsstöðu deildarinnar og rifjaði einnig upp tilurð Elísabetarsjóðs, sem notaður er til að styrkja konur til ferða á þing erlendis. Deildin hefur ekki úr miklu fjármagni að moða því af 6.500 kr. árgjaldi renna kr. 5.000 til Landsambands. Afgangurinn, ásamt kaffisjóðnum, fer í kostnað við deildina og styrki til ferða á þing DKG innanlands. Lagt var til að félagskonur Betadeildar greiddu að þessu sinni kr. 1.000 til viðbótar venjulegu árgjaldi til að mæta kostnaði vegna afmælisárs. Var það samþykkt.

Sigrún Aðalgeirsdóttir og Erna Gunnarsdóttir vöktu athygli á ráðstefnunni það er leikur að læra – samræða allra skólastiga. Ráðstefnan verður haldin á Akureyri 29. - 30. sept.

Ragnheiður Stefánsdóttir, sem er í nefnd sem safna á eldri gögnum deildarinnar saman og koma á Héraðsskjalasafnið, lagði til að áður en umrædd gögn yrðu sett á safnið yrði athugað hvað nota mætti á sögusýningunni sem setja á upp í Reykholti í maí. Hún hvatti einnig konur til að athuga hvað þær eiga í fórum sínum af slíkum gögnum.

8. Happprátti fór fram í matarhléi. Þórunn Bergs hlaut vinninginn að þessu sinni.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Selma Hauksdóttir